

» Fólk kom með gjafir sem það hafði fengið frá bönkunum sínum og lána-stofnunum. 42



Ein tillagan Sænski arkitektinn Gert Wingardh vísar til hugmynda Haussmanns baróns um æðakerfi Parísarborgar.

Nýstárlegt skipulag

Hverfi í Stokk-hólmi endurskapað

Í STOKKHÓLMI hafa verið kynntar fimm vinningsstillingur í Slussen-verkefninu svokallaða, þar sem ætlinin er að leysa af hólmi brýr, umferðarslaufur, göng og skipastiga í miðborginni. Þótt ekki hafi enn verið tilkynnt hver tillagnanna verði fyrir valinu segir gagnrýnandi *The New York Times*, Nicolai Ouroussoff, að þær séu afar áhugaverðar og þjóni borgurum.

Segir Ouroussoff að tillögurnar séu eins konar skyndimyndir af samtímalegum hugmyndum um borgarskipulag. Hönnun stjórnarkitektisins Jeans Nouvel (sem átti „hóls“-hugmyndina um Tónlistarhúsið í Reykjavík) fái menn til að súpa hveljur, fólk klóri sér í höfðinu yfir hugmyndum annarrar stjörnu, Norman Foster, og þá séu þarna áhugaverðar tillögur eftir heimamenn sem séu lítt þekktir á alþjóðlegum vettvangi. Mesti akkurinn við samkeppnina sé hins vegar sá, segir Ouroussoff, hve langt stjórnvöld í mörgum Evrópulöndum eru reiðubúin að ganga í að takast á við skipulagsslys úr fortíðinni. Í þessum fimm tillögum sé reynt að blása lífi í svæði sem móðernisminn og borgarskipuleggjendur eftirstrísáranna hafi óvart rænt frjómagninu.

Slussen-svæðið var skipulagt og byggt á fjórða áratugnum og segir gagnrýnandinn það vera fyrirtaksfulltrúa fyrir móðernískt skipulag sem þarf á stórvirkri endurgerð að halda.

Stuttlisti Man Booker

FJÓRTÁN rit-höfundar frá tólf löndum eru tilnefndir til hinna alþjóðlegra Man Booker-bókmenntaverðlauna í ár.

Rithöfundarnir eru: Peter Carey, Evan S. Connell, Mahasweta Devi, EL Doctorow, James Kelman, Mario Vargas Llosa, Arnošt Lustig, Alice Munro, VS Naipaul, Joyce Carol Oates, Antonio Tabucchi, Ngugi Wa Thiong’O, Dubravka Ugresic og Ludmila Ulitskaya.

Verðlaunin sem hljóða upp á 60.000 pund eru veitt á tveggja ára fresti og geta fallið í skaut hverjum þeim rithöfundum sem sent hefur frá sér verk á enskri tungu eða í enskri þýðingu. Hin hefðbundna Booker-verðlaun eru einungis veitt rithöfundum innan breska samveldisins.

Tveir af þeim sem tilnefndir eru í ár hafa áður unnið til verðlaunanna; James Kelman og Peter Carey sem hefur unnið þau tvisvar.

Sigurvegurinn verður tilkynntur í maí en verðlaunin verða afhent í Dublin 25. júní í sumar.



Peter Carey

Tónlist

Afmælistónleikar Atla Heimis í kvöld

Í TÍLEFNI sjötugsafmælis Atla Heimis Sveinssonar í fyrra efnir Sinfóníuhjómssveit Íslands til afmælistónleika í kvöld sem helgaðir eru tónlist hans.

Á tónleikunum hljóma tvö af hans merkustu hljómssveitarverkum frá fyrri tíð og auk þess verður frumflutt glæný og spennandi sinfónía.

Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari mun leika einleik í Flautukonsertinum sem er frá árinu 1975 og er eitt frægasta verk Atla Heimis. Svissneski hljómssveitarstjórinn Baldur Brönnimann kemur til landsins til að stjórna tónleikunum sem hefjast kl. 19.30 í Háskólabíói.



Atli Heimir Sveinsson

Tónlist

Sunna og Leifur leika á Múlanum

Á TÓNLEIKUM Jazzklúbbsins Múlan í kvöld koma fram tvær hljómssveitir, Trío Sunnu Gunnlaugs og Kvartett Leifs Gunnarssonar.

Trío Sunnu leikur útsetningar Sunnu á íslenskum þjóðlögum í bland við frumsamið efni meðlima.

Kvartett Leifs leikur lög hljómssveitarstjórans ásamt þekktum sem óþekktum djassperlum og gætir þar ýmissa stíla.

Tónleikar Múlan fara nú fram í nýjum sal í kjallaranum á Café Cultura, Hverfisgötu 18, og hefjast þeir kl. 21. Aðgangseyrir er 2.000 kr., 1.000 kr. fyrir nemendur.



Leifur Gunnarsson

Tónlist

Einsöngstónleikar kórs Bústaðakirkju

FÉLAGAR í Kór Bústaðakirkju halda einsöngstónleika í kvöld klukkan 20. Á efnisskránni eru aríur og dúettar úr þekktum óratoríum. Þeir sem koma fram eru: Jóhanna Þórhallsdóttir, Margrét H. Kristjánsdóttir, Nathalia Halldórsdóttir, Sæberg Sigurðsson, Agnes Kristjónsdóttir, Gréta Valdimarsdóttir, Guðrún J. Jónsdóttir, Hlín Leifsdóttir, Ólaf G. Ásbjörnsdóttir, Sigurlaug Arnardóttir, Þorsteinn F. Sigurðsson, Steinunn Sigurðardóttir og Agnes Þorsteinsdóttir.

Undirleikur er í höfðum Renötu Ivan, organista Bústaðakirkju. Ókeypiss aðgangur.



Renáta Iván píanóleikari.

■ Jeannette Castioni sýnir í D-sal Hafnarhússins ■ Raddir, fólk og barokkvísanir

Sameinuðu fegurðina og lífið

Eftir Einar Fal Ingólfsson efi@mbl.is

„JÚ, svona líður mér stundum andspænis hefðinni,“ viðurkenndi myndlistarmaðurinn Jeannette Castioni þar sem við horfðum á litlar ljósmyndadar mannverur sem hún hafði stillt upp fyrir framan táknmynd fornarr menningarlegrar arfleifðar. Hún sagðist velja því fyrir sér hvort fólk gæti notið þessarar arfleifðar og skynjað hana á persónulegan hátt, en ekki sem upphafið farg sem gæti lagst ofan á einstaklingana.

Castioni er tólfti listamaðurinn í sýningaröð D-salar Hafnarhússins sem helguð er ungum listamönnum og verður sýning hennar þar opnuð klukkan 17 í dag.

Castioni ólst upp í Verónu á Ítalíu en býr og starfar í Reykjavík. Hún útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2006.

Sýningin nefnist *Hver er hræddur við hvern* og er innsetning þar sem listamaðurinn lítur yfir svið ímyndaðs sambræðings menningarheima og þröngvar stafrænum rétttrúnaði samtímans inn í einhvers konar menningarlegt ómíni.

Einstaklingar andspænis fargi

„Ég tek menningarlegar ímyndir sem við lifum við og velti þeim fyrir mér,“ sagði Castioni en hún var önnur kafin við uppsetningu sýningarinnar í gær. Í miðjum D-salnum hefur hún komið fyrir stórrí en lægri borðplötu og úr götum á henni berast raddir frægra manna úr fortíðinni. „Þeir eru að tala um það sem þeir gera. Sumt er jákvætt, öðru gátu þeir breytt en sumt gekk ekki. Áhorfandinn þarf að beygja sig og



Morgunblaðið/Einar Falur

Jeannette Castioni Listamaðurinn í D-Salnum með mannverur sínar að baki. „Svona líður mér stundum andspænis hefðinni,“ segir hún.

setja eyrað að götunum til að hlusta. Þessir frægu menn verða ef til vill mannlegri fyrir vikið,“ sagði hún. Petta eru raddir listamanna – Dali er að tala um skeggið á sér – og stjórnmálamanna.

Í afkima úr salnum má sjá myndband á skjá. Þar birtist venjulegt fólk úr núinu og stillir sér upp í pös-

ur; endurgerir frægar höggmyndir frá barokktímanum.

„Ég velti fyrir mér hvað við erum sem einstaklingar gagnvart fargi þeirrar miklu menningar sem er á bak við okkur öll. Ég valdi barokkskúlptúra því þar reyndu menn að sameina fegurðina og lífið.“

Sýningarstjóri er Yean Fee Quay.

Parallax Elínar

PARALLAX, sem þýða má sem sýndarhlíðrun, er heiti sýningar myndlistarmannsins Elínar Hansdóttur sem verður opnuð í Hafnarhúsinu klukkan 17 í dag. Er sýningin hluti sýningaröðar Hafnarhússins þar sem leitast er við að afná mörkin milli safns og samfélags.

Þetta er fyrsta sýning Elínar í Listasafni Reykjavíkur en hún á að baki merkilegan feril þó að ung sé að árum. Margir minnst verks hennar í Listasafni Íslands á síðustu Listahátíð, þar sem gestir gengu um afar langan gang í einum salnum. Þá hefur Elín sýnt víða á meginlandi Evrópu síðustu misserin og talsvert hefur verið fjallað um verk hennar í erlendum listmiðlum.

Elín býður áhorfendum í óvissuför um sýningararsal jarðhæðarinnar í Hafnarhúsinu, þar sem þeir geta velt fyrir sér spurningum á borð við: Hvað gerist af sýningarrýmið er strokað út? Hvað gerist af herbergi sem þú heldur að þú sért í er allt annað herbergi? Hvernig getum við talað um tiltekið sjónarhorn þegar slíkur punktur er jafn afstaður og raun ber vitni? Og að lokum: Til hvers að setja framhlíð á hús sem afhjúpast sem blekking um leið og maður tekur eitt skref til hlíðar?



Elín Hansdóttir

Græðgin er alltaf söm við sig

Um góðæri og kreppu í Völsungasögu

ADALHEIÐUR Guðmundsdóttir aðjúnkt mun fjalla um góðæri og kreppu eins og þetta birtist í Völsunga sögu á rannsóknarkvöldi Félags íslenskra fræða í kvöld. Fyrirlesturinn fer fram í húsi Sögufélagsins við Fischersund og hefist kl. 20.

„Það er oft verið að spyrja okkur íslenskufraeðingana hvaða erindi fornaldarsögurnar eigi við nútímann og ég ákvað því að tengja erindið við ástand heimsins í dag, það er efnahagsástandið,“ segir Adalheiður. „Við munum sjá að það er ekkert nýtt undir sólinni og græðgin, hvort heldur í dag eða fyrir þúsundum ára, kollsteypir jafnt mönnum sem heilu ríkjunum.“

Teygir anga sína um alla Evrópu

Völsunga saga hefur verið vinsælust af fornaldarsögum Norðurlanda en efnið teygir anga sína um alla Evrópu. Adalheiður, sem vinnur nú að bók um fornaldarsögur Norðurlanda ætla m.a. að



Breyskur Atli Húnakonungur réð ekki við græðgina fremur en aðrir.

skoða hvernig óskyldir atburðir, og jafnvel alls óskyldar sögulegar persónur, urðu með tímanum nátengdar sem þátttakendur í sömu atburðarás.

Hringrás sögunnar

Leiðtogar þriggja þjóða, Búrgunda, Franka og Húna, eru leiddir saman en allir tengjast þeir í gegnum græðgina eftir gullinu. Allir stuðluðu þeir að velferðartímabili þjóða sinna; gæfan varð þeim hins vegar fallvölt, og leitinn eftir sífellt meiri yfirráðum, völdum og auði fellði þá að lokum. Breyskleiki sá sem hefur umturnað hagkerfum nútímans olli líka falli þessara manna.

„Skjótínginn gróði leiðir alltaf til ógæfu og hefur alltaf gert,“ segir Adalheiður. „Sagan endurtekur sig. Leiðtogar þjóðanna þriggja áttu í stanslausum átökum og atburðarásin tengist í gegnum þessa kæfandi græðgi eftir gulli. Það er límið að mínu viti. Við sjáum hvernig stígvaxandi ásælni í auð og völd fellir menn að lokum – þá sem nú. Þegar græðgisvitundin er sem mest þá spyr enginn að leikslökum, enginn hlustar. Hún tekur öll völd.“

arnart@mbl.is